



NÚ FER PAPPÍR EKKI LENGUR Í RUSLIÐ

Sorphirða í Reykjavík mun á næstu mánuðum breytast til hins betra – og við byrjum hér á Kjalarnesi.

Frá og með 1. október þarft þú að koma öllum pappír sem fellur til á heimilinu í endurvinnslu. Pappír á ekki heima með sorpi, enda er hann verðmætt efni sem auðvelt er að endurvinna til hagsbóta fyrir umhverfið.

Það er hagkvæmt fyrir heimilið að flokka pappírinn frá – þú getur fækkað sorptunnum eða látið sækja sorpið sjaldnar og lækkað með því sorphirðugjöldin.

Þessum bæklingi er ætlað að veita þér upplýsingar um hvernig þessar breytingar á sorphirðu snerta þig og hvað þú þarft að gera.

Hvað á ég að gera við pappírinn?

Það er auðvelt að koma pappír í endurvinnslu.

Tvær leiðir eru einfaldastar:

- **Blá tunna**

Þú pantar bláa tunnu í síma 411 1111 eða með tölvupósti á sorphirða@reykjavik.is.

Allur pappír fer í Bláu tunnuna.

- **Grenndargámar**

Eins og áður er hægt að koma pappír í grenndargáma. Á Kjalarnesi eru grenndargámar staðsettir við bensínstöð Olís.

Áform eru um að efla grenndarstöðina á næstu vikum og mánuðum. Þar verður einnig hægt að skila glerílátum, plasti, rafhlöðum og skilagjaldsumbúðum. Einnig munu Kjalnesingum standa til boða niðurgreidd jarðgerðarlát.

Nánari upplýsingar er að finna á www.kjalarnes.is/umhverfismal

Í BLÁU TUNNUNA Á AÐ FARA:



BYLGJUPAPPI

Pítsukassar, pappa-kassar



DAGBLÖÐ OG TÍMARIT

Auglýsingapóstur, dreifiefni úr pappír



FERNUR

Drykkjarfernur – einnig með plasttöppum



SKRIFSTOFU- PAPPÍR

Allur ljósritunarpappír, reikningar, umslög



SLÉTTUR PAPPÍ

Morgunkornskassar, klósettrúllur, eggjabakkar, umbúðapappi

Hvaða pappír er ekki rusl?

Nánast allur pappír sem fellur til á heimilinu getur farið í endurvinnslu. Eldhúspappír með matarleifum má gjarnan fara með sorpi eða jarðgera.

En hvað með fjölbýlishúsin?

Ef þú býrð í fjölbýli þurfa íbúar að taka sameiginlega ákvörðun um hvernig skila eigi pappírnum.

Ef blá tunna verður fyrir valinu þarf að ákveða hversu margar tunnur þarf fyrir húsið og hvort það megi um leið fækka öðrum tunnum á móti. Ef til vill þarf einnig að aðlagja sorpgæmslu hússins að breytingunni.

Hvað verður svo um pappírinn?

Allur pappír sem berst er sendur í endurvinnslu til IL Recycling í Svíþjóð. Þar er hann unninn í margvíslegar afurðir, eftir gæðum og eðli. Sem dæmi má nefna að úr fimm kössum úr sléttum pappa er hægt að framleiða efni í fjóra nýja. Annað breytist t.d. í eldhúspappír, salernispappír eða eggjabakka.

30% minna rusl

Almennt sorp á heimilinu minnkar um tæpan þriðjung ef þú flokkar pappírinn og kemur honum í grenndargám eða færð þér bláa tunnu. Það ætti að þýða að fjölskyldan geti fækkað tunnum fyrir almennt sorp og sparað þannig sorphirðugjöld.

Það græða allir á að flokka pappír frá rusli.


PAPPÍR ER EKKI RUSL



Pantaðu bláa tunnu og fáðu
allar upplýsingar í síma

4 11 11 11

eða með tölvupósti á
sorphirda@reykjavik.is



Reykjavíkurborg